



Farskólinn

miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2020



Vorið 2021.
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Bryndís Kristín Þráinsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu:
Ljósmynd á forsíðu er tekin við útskrift af námskeiðinu „Að lesa og skrifa á íslensku“ á Hvammstanga.
Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

1. Um Farskólann	5
Stofnun og stofnaðilar.....	5
Stjórn og varastjórn	6
Gildi Farskólans.....	7
Mannauður	7
2. Fjárframlög frá opinberum aðilum	9
3. Um fræðslustarfið - tölfraedi.....	11
Námskeið	11
Námsmenn.....	13
4. Nám og námskeið	17
Vottaðar námsleiðir - framhaldsfræðsla	17
Starfstengd námskeið – persónuleg færni	21
Íslenska fyrir útlendinga	22
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra	23
Önnur námskeið	23
5. Náms- og starfsráðgjöf.....	25
6. Raunfærnimat	29
7. Háskólanám.....	31
8. Þróunarstyrkir 2020.....	33
9. Gæðastarf og viðurkenning.....	35
EQM+	35
Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára	36
Starfsleyfi.....	37
10. Önnur verkefni og samstarf	39
11. Húsnæði og búnaður	41
12. Starfið framundan.....	43
13. Lokaorð	45
Fylgiskjöl	46

1. Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Starfsár Farskólans eru því orðin 29. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrutafirði í vestri og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.106 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Sjá mynd 1. Íbúar á Norðurlandi vestra voru um 7400 árið 2020 samkvæmt Hagstofu Íslands. Hlutfall erlendra ríkisborgara í landshlutanum var 8,5% samkvæmt frétt á vef Þjóðskrár Íslands, 21. janúar 2020.



Mynd 1. Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 29. maí 2019. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Stjórn hefur ekki þegið laun fyrir störf sín. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans 2019.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög - Samstaða	Guðmundur Finnbogason	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir - HSN	Bryndís Lilja Hallsdóttir	Hulda Jónsdóttir
Sveitarfélög – Húnaþing vestra	Rakel Runólfsdóttir	Halldór G. Ólafsson
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Háskólinn á Hólum	Erla Björk Örnólfsdóttir	Hjördís Gísladóttir

Árið 2020 voru haldnir þrjú formlegir stjórnarfundir. Aðalfundur var haldinn mánudaginn 8. júní.



Frá aðalfundi Farskólans 2020. Frá vinstri: Guðmundur Finnbogason, formaður, Rakel Runólfsdóttir, ritari, Bryndís Lilja Hallsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Axel Kárason, Kristján Jónasson frá KPMG, Þórarinn Sverrisson, Ingileif Oddsdóttir og Erla Björk Örnólfsdóttir. Á myndina vantar Bryndísi Þráinsdóttur, sem tók myndina.

Vorfundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur samkvæmt skipulagsskrá, var haldinn 25. júní að Laugarbakka í Miðfirði. Vorfundurinn var tileinkaður íslenskukennslu fyrir útlendinga og voru íslenskukennarar Farskólans kallaðir saman ásamt gestum frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Á fundinum skiptust fundarmenn á skoðunum og lærðu hverjir af öðrum. Það kom fram mikil ánægja með fundinn.



Frá vofundi Farskólans að Laugarbakka þar sem þemað var íslenskukennsla fyrir útlendinga. Frá vinstri: Sveindís Valdimarsdóttir og Arndís Harpa Einarsdóttir frá MSS, Lee Ann Maginnis, Sara Nielsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Sigrún Þórisdóttir, Magdalena Berglind Björnsdóttir, Hörður Ríkharðsson og Sandra Hilmarsdóttir. Ljósmynd Farskólinn.

GILDI FARSKÓLANS

Á vofundi Farskólans 24. júní 2019 voru gildi Farskólans ákveðin. Gildin eru: *Framsækni*, *virðing* og *sveigjanleiki*.

Framsækni: Farskólinn er framsækin miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem leggur áherslu á fagmennsku á öllum sviðum. Fagmennskan byggir meðal annars á námskrám, áætlunum og gæðaviðmiðum sem Farskólinn hefur sett sér. Farskólinn vill vera í fremstu röð þegar kemur að framförum og nýjungum.

Virðing: Í Farskólanum mætum við hverjum námsmanni þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum: jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Í Farskólanum er borin virðing fyrir starfsfólki og námsmönnum og þeim eru boðnar góðar aðstæður til vinnu og náms.

Sveigjanleiki: Farskólinn leitar leiða til að koma til móts við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Farskólinn er fljótur að bregðast við aðstæðum sem koma fram í samfélaginu fyrir nám og þjálfun.

MANNAUÐUR

Árið 2020 voru starfsmenn Farskólans fimm í tæplega fimm stöðugildum. Starfsmenn voru:

- Bryndís Kristín Þráinsdóttir: Framkvæmdastjóri. Fjármál, stjórnun, verkefnastjórn.
- Gígja Símonardóttir: Símsvörun, utanumhald skráninga, Inna, reikningar.

- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; fræðsluáætlanir, háskólanám, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.
- Sandra Hilmarsdóttir: Náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, verkefnastjórn og kennsla.

Þrjú starfsmenn til viðbótar störfuðu fyrir Farskólann: Margrét Guðmundsdóttir, frá bókhaldsstofunni KOM sá um að færa bókhald. Þráinn Svan Gíslason og Jevgenija Zlotnikova voru verkefnaráðin. Þau sáu um að vakta kvöldnámskeið á Faxatorgi á Sauðárkróki og fylgjast með húsnæði og tæknimálum vegna Skype/Zoom útsendinga til námsveranna. Gígja Símonardóttir var í veikindaleyfi frá mars og fram í október.



Stjórn og starfsfólk Farskólans í desember 2019. Frá vinstri: Jóhann Ingólfsson, Guðmundur Finnbogason, Rakel Runólfsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Þráinn Svan Gíslason, Þorkell Þorsteinsson, Bryndís Lilja Hallsdóttir, Sandra Hilmarsdóttir, Gígja Símonardóttir, Halldór B. Gunnlaugsson og Aðalheiður Reynisdóttir. Ljósmynd: Farskólinn.

Leiðbeinendur og verktakar í kennslu

Í gæðahandbók Farskólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tólmstundanámskeiðum er horft meira til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans ...“.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans voru nánast allir verktakar. Þeir leiðbeinendur sem komu að kennslu námskráa FA voru nær undantekningarlaust með kennsluréttindi.

Verkefnastjórar Farskólans gerðu verktakasamninga við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kom: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.

2. Fjárframlög frá opinberum aðilum

Árið 2020 fékk Farskólinn styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til reksturs og til eflingar háskólanáms að upphæð 32 milljónir króna (32,5 milljónir árið 2019). MRN greiddi ekki svokallað viðbótarframlag til reksturs Farskólans árið 2020 eins og árin á undan en „einskiptisgreiðsla“ var greidd í desember vegna háskólanámsins.

Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til verkefna í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Farskólinn fékk einnig framlög frá Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra og Rannís, vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2019. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Farskólans árið 2020.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Rekstrarstyrkur, háskólanám.	32.000.000,-
	Viðbótarframlag (frá 2016)	0,-
	„Einskiptisframlag“ vegna háskólanáms.	1.772.000,-
	Íslenska fyrir útlendinga (Rannís).	2.100.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila	1.505.600,-
Fræðslusjóður framlög 2020	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf.	19.431.000,-
Samtals:		56.808.600,-

Helstu framlög og styrkir frá árinu á undan lækkuðu um sem nemur 4,7 % eða úr 59,6 milljónum í 56,8 milljónir.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Viðauki við samning milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Farskólans var endurnýjaður fyrir árið 2020. Í eldri samningi sagði meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn muni: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur

framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).


Framlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Farskólans nam 32 milljónum króna. MRN tilkynnti einhliða með tölvupósti 7. desember 2020 að Farskólinn fengi ekki úthlutað svokölluðu viðbótarframlagi vegna ársins 2020 en það framlag fékk Farskólinn fjögur árin á undan eins og aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Í tölvupóstinum segir:

„MRN hefur verið að greiða út viðbótarframlag vegna ársins 2020 á grunni þeirrar nýju reiknireglu sem hefur verið í smíðum um all langt skeið. Skv. reglunni fer ekkert að því framlagi til ykkar vegna leiðréttingar. Þið haldið þó grunnframlaginu ykkar skv. samningi, alls 32 milljónir, sem er mun hærra en aðrar símenntunarmiðstöðvar fá af fjárlagalið 02-452. Rýnt hefur verið í alla ársreikninga þeirra sem fá skerðingu og er staða sjóða og eigna alls staðar góð.

Með kveðju ...“

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd (hina fyrri) frá árinu 2008 var gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá Farskólanum til að sinna háskólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Sá samningur virðist ekki vera í gildi lengur. MRN hefur boðað, að samkvæmt nýrri reiknireglu ráðuneytisins verði ekki veitt fjármagn til þjónustu við háskólana í framtíðinni eins og verið hefur. Boðað hefur verið að framlag frá ráðuneytinu til Farskólans verði í nánustu framtíð 27,1 milljónir króna. Það er lækkun upp á 15,3% af fasta framlagi fyrra árs.

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2011 til ársins 2020 og sýnir myndin breytingar á umfangi starfseminnar á tímabilinu. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2020.



Mynd 2. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2011 – 2020.


Rekstrarniðurstaða ársins 2020 var neikvæð um 1.732.831 kr. Skýringarnar felast meðal annars í minni umsvifum í námskeiðahaldi vegna Covid – 19 og vegna lækkunar á styrkjum

3. Um fræðslustarfið - tölfræði

NÁMSKEIÐ

Í Farskólanum er starfsárinu skipt upp í tvö tímabil; vorönn og haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið og eru skilgreind sem, fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2020 voru haldin samanlagt 85 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; allt frá námskeiðum sem stóðu yfir í 300 kennslustundir til námskeiða eða fyrirlestra sem stóðu yfir í rúma klukkustund. Í viðauka eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum og fyrirlestrum fækkaði um 35 á milli ára eða um tæp 30%. Ástæðan er einföld eða Covid - 19. Sjá nánar á mynd 3.



Mynd 3. Myndin sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra á hverju ári frá 2011 – 2020.


Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans 2020 voru, eins og áður, flokkuð í eftirfarandi fimm flokka:

- **Vottaðar námsleiðir FA** (framhaldsfræðsla) sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- Námskeið sem tengdust **störfum** fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- **Íslenskunámskeið** sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Rannís).
- Námskeið sem styrkt voru af **Fjölmenn** og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- **Tómstundanámskeið** (Gagn og gaman).

Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á þjónustu og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, til dæmis vottaðar námsleiðir FA og nám sem tengist störfum fólks úti í


atvinnulífinu. Starfstengd námskeið og fyrirlestrar voru samtals 51 árið 2020. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 4.



Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða/fyrirlestra eftir flokkum frá árinu 2016.

Námskeiðin haldin víða – fjarkennsla vaxandi þáttur


Flest námskeið voru haldin í sveitarfélaginu Skagafirði eða 19 námskeið (71 árið 2019). Í Húnaþingi vestra voru haldin 6 námskeið (13 árið 2019) og 5 á Blönduósi (12 árið 2019). Árið 2020 voru 41 námskeið og fyrirlestrar haldnir í gegnum Zoom. Má þar meðal annars nefna „Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré“, „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“, „Skrifstofuskólann“ og fjöldann allan af starfstengdum námskeiðum. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir hvar námskeið voru haldin og fjölda námskeiða í Zoom/Teams .

Kennslu- og nemendastundir

Árið 2020 voru kennslustundir á námskeiðum og fyrirlestrum **1.511** að tölu (1.917 árið 2019). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Árið 2020 voru nemendastundir **12.901** (21.005 árið 2019). Nemendastundum fækkaði um rúmlega 38% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 6, sem sýnir fjölda nemendastunda.




Mynd 6. Fjöldi nemendastunda frá árinu 2011.

NÁMSMENN

Fjöldi námsmanna, kynjaskipting og aldur

Árið 2020 stunduðu **870** námsmenn nám (1.557 árið 2019) í Farskólanum. Námsmönnum fækkaði um 44% á milli ára. Fjöldi kvenna var 720 (1.027 árið 2019) og fækkaði þeim um 30% á milli ára. Fjöldi karla var 150 (530 árið 2019) og fækkaði þeim um 71% á milli ára. Sjá mynd 7.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2011 til ársins 2020.


Skýringuna á þessari miklu fækkun á fjölda námskeiða, kennslustunda og nemenda má rekja til heimsfaraldurs vegna Covid – 19.

Árið 2020 var meðalaldur námsmanna Farskólans **46 ár** (45 ár árið 2019). Flestir námsmenn voru á aldrinum 64 ára (59 ára 2019). Elsti námsmaðurinn var 76 ára (74 ára árið 2019) og sá yngsti var 16 ára (15 ára 2019).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftar en einu sinni á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **568** að tölu (1023 árið 2019).

Hvaðan af Norðurlandi vestra komu námsmenn?

Flestir námsmenn Farskólans komu frá Sauðárkróki eða 303 námsmenn en það eru 35% námsmanna. Frá Blönduósi komu 103 námsmenn og frá Hvammstanga komu 96 námsmenn. Sjá nánar mynd 8 sem sýnir í hvaða pósthúsum námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 8. Myndin sýnir í hvaða pósthúsum námsmenn Farskólans áttu lögheimili árið 2020.

4. Nám og námskeið

Námsvísir og aðrar auglýsingar

Árið 2020 gaf Farskólinn út einn námsvísi og nokkra einblöðunga, þar sem námskeið voru auglýst og þjónusta skólans vandlega kynnt. Námskeið voru einnig kynnt á heimasíðu og á Facebook. Í námsvísi haustannar 2020 voru viðtöl við fjóra námsmenn: Þröst Heiðar Erlingsson, bónda, sem sótti meðal annars Matarsmiðjuna, Beint frá býli og Ragnheiði Láru Brynjólfsdóttur, leikskólakennara. Gunnhildi Dís Gunnarsdóttur sem stundaði fjarnám við Háskólann á Akureyri og nýtt sér aðstöðuna í Námsveri háskólanema á Sauðárkróki. Einnig var viðtal við Sigrúnu Þórisdóttur, íslenskukennara og einn nemanda hennar: Aishu Al Hamad. Viðtölin má lesa í heild sinni aftast í þessari ársskýrslu.



„Símenntun bænda hefur verið mjög ábótavant og bændur eru erfiður hópur til að ná saman á námskeið. En það er klárlega mikil þörf hjá þessum hópi og á mörgum sviðum. Sérhæfð tölvunámskeið (t.d. panta varahluti), framkoma og ræðumennska, andleg heilsa og svona mætti lengi telja. Þannig að mig langar að hvetja aðrar símenntunarmiðstöðvar til þess að horfa til þessa hóps eins og Farskólinn hefur verið að gera“.

Þröstur Heiðar Erlingsson, Birkihlíð, Skagafirði.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR - FRAMHALDSFRÆÐSLA

Árið 2020 námu framlög Fræðslusjóðs til að kenna vottaðar námsleiðir FA **11.960.000 kr** (13.260.000 kr árið 2019). Markmið ársins 2020 náðust hvað varðar nýtingu á fjármagni til kennslu vottaðra námsleiða og vel það.

Árið 2020 voru kenndar í Farskólanum sex vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólaeininga, en þó er það undir hverjum og einum framhaldsskóla komið hvort og hvernig hann metur námið inn í sinn skóla. Af þeim námsleiðum sem kenndar voru, voru **fimm** fjármagnaðar af Fræðslusjóði en **ein** var fjármögnuð af Blönduósbæ. Sjá nánar í töflu 3.

Verkefnastjórar *skrifa formlega skýrslu* um þær námskrár FA sem þeir stýra. Upplýsingar um framkvæmd námsleiðanna eru því vel aðgengilegar í Farskólanum.

Tafla 3. Taflan sýnir þær vottuðu námsleiðir FA, sem kenndar voru árið 2020.

Vottaðar námsleiðir	Hlutfall *	Hvar haldnar	Athugasemdir
Að lesa og skrifa á íslensku	50%	Hvammstangi.	Lauk í feb 2020.
Að lesa og skrifa á íslensku	50%	Blönduós.	Lauk í feb 2020. Greitt af Blönd.
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	25%	Sauð, Blö, Hva.	Zoom. Lokið vorið 2020.
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	25%	Sauð., Varmahl.	Zoom. Lýkur 2022.
Nám og þjálfun í alm. bókl. greinum	50%	Sauðárkrókur	Zoom eftir að Covid hófst.
Skrifstofuskólinn	100%	Sauðárkrókur.	Stað og fjar. Lauk í nóv 2020.

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2020.

Að lesa og skrifa á íslensku

Haustið 2019 hófust tvö námskeið á Hvammstanga og Blönduósi, ætluð nýbúum frá Sýrlandi. Fyrri hluti námskeiðanna var kenndur á haustönn 2019.

Á Hvammstanga kenndi Sigrún Þórisdóttir, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi, námskeiðið. Nemendur voru átta. Í fyrri hluta námskeiðsins var túlkur til staðar. Í skýrslu frá Sigrúnu um námskeiðið segir hún meðal annars að það hafi verið áskorun að kenna þessum hópi íslensku, sérstaklega í ljósi fyrri reynslu nemendanna og eins í ljósi þess hversu misjafnlega þeir voru staddir varðandi lestur á eigið tungumál. Allur hópurinn sýndi mikinn áhuga og lagði sig fram, bæði í kennslustundum og heima.



„Það er reynsla mín, eftir að hafa kennt íslensku um árabil, að samvinna og samhjálpa skiptir miklu máli og yfirleitt eru nemendur mjög fúsir til að vinna saman og hjálpa hverjir öðrum. Í byrjun þessa námskeiðs hvað við nokkuð annan tón. Það var nemendum hverjum og einum mikils virði að komast sem best áfram í námsefninu og standa sig vel, án tillits til hvernig hinum gengi. Ekki þarf að undrast slíkt viðhorf ef litið er til fyrri reynslu námshópsins.

Það fór því talsverð vinna í það hjá kennara með dyggri hjálpa túlks að breyta þessu viðhorfi og koma á meiri samvinnu og samhjálpa, en viðhorfið breyttist til muna“.

Sigrún Þórisdóttir, íslenskukennari á Hvammstanga.

Á Blönduósi kenndi Kristín Sigurrós Einarisdóttir, grunnskólakennari, hópi Sýrlendinga sem þar hafa sest að. Að álit Kristínar höfðu flestir nemendur náð tökum á því að skrifa frá vinstri til hægri og náð stafagerðinni. Þeir gátu lesið einföld orð og stuttar setningar á íslensku ásamt því að vera jákvæðir og námsfúsir.

Báðir kennarar lögðu á það áherslu að aðkoma túlks væri mjög mikilvæg á íslensku-námskeiðum fyrir byrjendur og sérstaklega hjá hópum eins og Sýrlendingum sem hafa ritmál

ólíkt því íslenska. Þær nefndu einnig að námsefni vantaði fyrir námskrána sem þær kenndu. Báðar eru þær reynslumiklir íslenskukennarar og hafa útbúið heilmikið námsefni sjálfar.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré

Nýtt nám á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré hófst haustið 2018 að loknu raunfærnimati. Þetta var í annað sinn sem Farskólinn skipuleggur og heldur utan um brúna. Samtals útskrifuðust 14 þátttakendur, allt konur og komu þær frá Austur - Húnavatnssýslu, Sauðárkróki og Varmahlíð. Konurnar voru á aldrinum 23 ára til 61 árs. Stuðst var við speglaða kennslu, þar sem nemendur voru búnir að hlusta á fyrirlestra heima áður en þeir mættu í kennslustundir.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréin var samstarfsverkefni Farskólans og SÍMEY, símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Kennt var í gegnum Skype og Zoom en nemendur komu flesta daga saman í námsveri til að taka þátt í tímum. Leiðbeinendur komu flestir frá Akureyri. Leiðbeinendur voru: Kristín Elva Viðarsdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir, Ragnheiður Guðbjörnsdóttir, Valgerður Dögg Jónsdóttir, Bryndís Árnadóttir, Sigríður Ásta Hauksdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Sandra Hilmarsdóttir og Anna Lilja Sævarsdóttir. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.



Ljósmyndin var tekin við útskrift af leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré í júní 2020. Ljósmynd: Farskólinn.

Haustið 2020 hóf nýr hópur nám á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Námskonur eru tíu og fara þær í raunfærnimat á vorönn 2021. Verkefnastjóri er Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Haustið 2020 hófst ellefta námskeiðið í Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum; ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Námskeiðið var kennt í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. FNV hefur metið námið inn í sinn skóla svo framarlega sem námsmenn standast kröfur þess. Margir námsmanna hafa sótt helgarnám í húsasmíði og rafiðnum hjá FNV á sama tíma. Þátttakendur taka ekki formleg próf heldur hafa þeir skilað verkefnum, bæði í kennslustundum og með skilum á heimavinnu. Í hvern námsþátt er 80% mætingaskylda og gerð er krafa um virkni í tímum.

Nemendur voru samtals 11 á haustönn 2020; 6 konur og 5 karlar. Hópurinn útskrifast vorið 2021.

Leiðbeinendur á haustönn voru: Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, sem kenndi meðal annars námstækni. Eva Óskarsdóttir, sem kenndi ensku, Gísli Árnason, sem kenndi stærðfræði og Ágúst Ingi Ágústsson, sem kenndi dönsku. Hafdís Einarsdóttir kenndi íslensku. Allir leiðbeinendur eru með kennsluréttindi. Verkefnastjóri er Jóhann Ingólfsson.

Skrifstofuskólinn

Árið 2020 var Skrifstofuskólinn haldinn í Farskólanum. Námsmenn komu úr Skagafirði og frá Skagaströnd. Á vorönn var námskeiðið flutt alfarið yfir á netið sökum heimsfaraldurs og lagði verkefnastjóri á sig mikla vinnu við að kenna hverjum og einum á nýja tækni. Á haustönn komu nemendur aftur saman undir ströngum sóttvarnareglum. Helstu námsgreinar voru: Færnimappa og ferilskrá, markmiðasetning, námstækni, þjónusta, tölvu- og upplýsingatækni, verslunarreikningur, bókhald, tölvubókhald og lokaverkefni.

Prettán nemendur hófu námið en alls útskrifuðust tíu, átta konur og tveir karlar.

Leiðbeinendur voru: Sandra Hilmarsdóttir, Hermann Jónsson, Halldór B. Gunnlaugsson, Kristján Bjarni Halldórsson, Birgir Rafnsson, Ragna Hjartardóttir, Eypór Eðvarðsson og Elísabet Gunnarsdóttir. Leiðbeinendur voru bæði sérfræðingar í faginu og einnig framhaldsskólakennarar. Verkefnastjóri var Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi og skilaði hún formlegri skýrslu um verkefnið að því loknu.



Nemendur í Skrifstofuskólanum í sinni fyrstu kennslustund. Verkefnastjórinn Sandra Hilmarsdóttir til hægri. Ljósmyndir: Farskólinn og Sandra Hilmarsdóttir.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Námskeiðsröð fyrir bændur og aðra áhugasama

Árið 2020 hélt Farskólinn áfram að skipuleggja námskeið fyrir bændur á Norðurlandi vestra. Öll verklegu námskeiðin voru haldin í vottaðri Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. Á vorönn náðist að halda eitt námskeið áður en námskeiðahald lagðist niður vegna Covid og var það „Úrbeining á folaldi“. Haustið 2020 voru haldin tólf námskeið fyrir bændur og aðra áhugasama: Námskeiðin: „Fars-, pylsu- og bjúgnagerð“, „Hnífar og hnífabryningar“, „Hrápilsugerð“, „Pate- og kæfugerð“, „Sögun- og niðurhlutun á lambaskrokki“, „Söltun og reyking“, „Að þurrka og grafa“, „Úrbeining á folaldi“ og „Úrbeining á kind“ . Námskeiðin voru vel sótt.

The image shows four promotional cards for courses from Farskólinn.is. The cards are arranged in a 2x2 grid. Each card has a red header with the course title, a white body with text, and a small image. The first card is for 'Úrbeining á kind' (Curing a lamb) with a price of 14,900 ISK. The second card is for 'Fars-, pylsu- og bjúgnagerð' (Curing, sausage, and curing) with a price of 19,900 ISK. The third card is for 'Hnífar og hnífabryningar' (Knives and knife sharpening) with a price of 14,900 ISK. The fourth card is for 'Hrápilsugerð' (Curing of raw fish) with a price of 19,900 ISK. Each card includes a description of the course, contact information, and a small image of the product.

Skjaskot úr Námsvísi Farskólans haustið 2020 þar sem námskeið fyrir bændur voru auglýst.

Námskeiðsröðin fyrir bændur kom í kjölfar „Matarsmiðju – Beint frá býli“, sem er ein af námskrám FA og er gott dæmi um það hvernig eitt námskeið eða smiðja leiðir af sér fleiri verkefni til góðs fyrir viðkomandi markhóp. Á Norðurlandi vestra er áhugi bænda mikill fyrir því að fara á námskeið enda mikil nýsköpun í gangi á svæðinu á meðal þeirra. Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlanir – starfstengd námskeið

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir sveitarfélagið Skagafjörð samkvæmt fræðsluáætlun. Á vorönn 2020 voru haldin þrjú námskeið en síðan var allt námskeiðahald fellt niður að ósk sveitarfélagsins. Á haustönn voru haldin átta námskeið og fyrirlestrar. Námskeiðin tengdust bæði störfum fólks og áhugamálum. Sem dæmi um námskeið má nefna: Námskeið

um „Að setja mörk“, „Jafnréttismál“, „Skyndihjálp“ og „Nútímastjórnun“. Leiðbeinendur voru allir sérfræðingar á sínu sviði.

Fyrir starfsfólk HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands voru haldin nokkur námskeið. Þau helstu voru: „Á eigin skinni“, „Hádegisjóna“, „Hjúkrunarmóttaka“ og „Öldrunarsjúkdómar“. Leiðbeinendur voru sérfræðingar, hver á sínu sviði. Verkefnastjóri var Halldór Gunnlaugsson.

Hjá sveitarfélaginu Húnaþingi vestra voru haldin tvö námskeið sem féllu undir fræðsluáætlun. Námskeiðin: „Örugg tjáning“ og „Betri samskipti“. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Árið 2020 voru haldin sjö námskeið í íslensku fyrir útlendinga; á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Auk þess voru haldin tvö námskeið fyrir sýrlenska flóttamenn á Hvammstanga og Blönduósi. Sýrlendingarnir sóttu einnig námskeiðið „Að lesa og skrifa á íslensku“ en sú námskrá kemur frá FA og er samtals 120 kennslustundir eins og fyrr hefur verið sagt frá. Námskeiðið á Hvammstanga var styrkt af FA þar sem hópurinn var kominn út á vinnumarkaðinn en Blönduósbær, fyrir hönd verkefnisins þar, fjármagnaði seinna námskeiðið. Það má því segja að haldin hafi verið níu íslenskunámskeið hjá Farskólanum árið 2020.

Styrkur Rannís (Mennta- og menningarmálaráðuneytið) vegna námskeiðanna sex nam 2.100.000 kr eða sem nam 350.000 kr á hvert námskeið. Markmið ársins náðust og vel það.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: „Íslenska fyrir alla“, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess studdust leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu. Farskólinn á orðið gott safn af ítarefni og spilum fyrir íslenskukennsluna, sem leiðbeinendur hafa góðan aðgang að.

Bæði á Blönduósi og Sauðárkróki var sérstök áhersla lögð á að ná til Pólverja sem hafa fest rætur á Norðurlandi vestra og hófu tveir hópar nám í íslensku á árinu.



Frá útskrift í íslensku fyrir útlendinga á Hvammstanga í júlí 2020. Ljósmynd: Farskólinn.

Leiðbeinendur íslenskunámskeiðanna voru: Sara Níelsdóttir, Anja Szafraniec og Kristín Einarsdóttir á Sauðárkróki, Lee Ann Maginnis, Hörður Ríkharðsson og Magdalena Berglind Björnsdóttir á Blönduósi og Sigrún Þórisdóttir á Hvammstanga. Nær allir leiðbeinendur eru með áralanga reynslu af kennslu og kennsluréttindi. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Árið 2020 fékk Farskólinn vilyrði fyrir styrk upp á 2 milljónir króna frá Fjölmenn til að skipuleggja og halda utan um námskeið fyrir fólk með fötlun. Greiðslur frá Fjölmenn námu samtals **689.438 kr.** Fyrir nokkrum árum óskaði Farskólinn eftir því að fá að senda reikning fyrir kostnaði námskeiðanna í stað þess að fá greiðslur inn á reikning, sem síðar þyrfti hugsanlega að endurgreiða. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel. Strax í byrjun mars var ákveðið að fella öll námskeið niður. Ekkert námskeið var haldið á haustönn 2020 og var það í samráði við þá sem starfa með fötluðu fólk á svæðinu.

Þau námskeið sem voru haldin árið 2020 voru: „Lestur“, en Ingunn Sigurðardóttir, sérkennari sá um kennsluna. Atli Óskarsson, framhaldsskólakennari, kenndi „Smíðar“. Guðrún Helga Tryggvadóttir, B.A. í sálfræði sá um að kenna „Tækjaleikfimi“. Verkefnastjóri árið 2020 var Bryndís Þráinsdóttir.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Námskeið í samstarfi við stéttarfélagin

Árið 2020 voru haldin 29 námskeið í samstarfi við stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, Sameyki og Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Eftir að Covid hófst ákváðu sjóðirnir að greiða námskeiðin fyrir sína félagsmenn. Námskeiðin voru fjölbreytt að efni og vel sótt. Meðal námskeiða voru: „Matreiðslunámskeið - Austurlönd“, „Ertu jákvæður leiðtogi í lífi og starfi?“, „Gæðin úr eigin garði“ og „Hamingjan sanna“. Námskeiðin voru vel auglýst um allt Norðurland vestra. Verkefnastjóri var Halldór Gunnlaugsson.



„Það sem stendur uppúr gagnvart starfinu er frábær stuðningur og samstarf við Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, Sameyki, Verslunarmannafélag Skagafjarðar og starfsmenntasjóðina, Ríkismennt, Sveitamennt, Landsmennt og Sjómennt. Í stað þess að skella í lás, eins og blasti við í mars 2020, þá héldum við 20 vefnámskeið vorið 2020 sem voru í boði fyrir alla íbúa á Norðurlandi vestra þeim að kostnaðarlausu. Þessir aðilar eru ennþá, vorið 2021, að styðja við allt námsframboð Farskólans á einhvern máta og það verður seint fullþakkað og komið til skila hversu dýrmætur þessi stuðningur og samstarf er í öllu okkar starfi og sérstaklega á þessum stórfurðulegu tímum.“

Halldór B. Gunnlaugsson, verkefnastjóri.


Vefnámskeið Covid

Eftir að heimsfaraldurinn vegna Covid – 19 skall á af fullum krafti var ljóst að fræðsluverkefnum myndi fækka verulega hjá Farskólanum. Á meðan starfsmenn lögðu höfuðið í bleyti snemma vors 2020, varðandi nýjar útfærslur fræðsluverkefna, barst bréf frá Unni Valborgu Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra SSNV, þar sem hún hvatti fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra til að hugsa út fyrir boxið. Í bréfi hennar sagði meðal annars:

„ ... SSNV vill þess vegna hvetja alla þá aðila sem sinna mennta- og menningarstarfi á Norðurlandi vestra að skoða möguleika á að finna leiðir til að létta íbúum landshlutans og landsmönnum öllum lífið næstu vikurnar og hugsa út fyrir boxið í þeim efnum. Getum við breytt námskeiðum í kennslu á netinu, t.d. í matargerð eða tungumálakennslu?“

Strax var ákveðið að taka Unni á orðinu. Ákveðið var að bjóða upp á nokkur vefnámskeið og vinna skipulagsvinnuna þannig að Farskólinn tæki ekkert umsýslugjald fyrir verkefnið og myndi þannig sýna samfélagsábyrgð í verki. Ingunn Bjarnadóttir hjá SÍMEY kom fljótlega inn í verkefnið með Farskólanum. Hugmyndin var að námskeiðin yrðu ókeypis fyrir þá sem þau sóttu. Stéttarfélagin Aldan, Samstaða og Verslunarmannafélag Skagafjarðar greiddu námskeiðsgjaldið fyrir sína félagsmenn. SSNV greiddi fyrir þá sem ekki voru í fyrrgreindum félögum. Námskeiðin voru auglýst fyrir alla íbúa á svæðinu og opin öllum sem vildu. Þátttakendur þurftu að skrá sig, því ákveðið var að bjóða upp á ákveðinn fjölda sæta til að auka gæðin og bjóða upp á umræður. Eftir páska komu síðan sjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt inn í verkefnið á landsvísu. Samtals voru haldin 20 vefnámskeið. Þátttakendur voru samtals 186 á vorönninni: Vefnámskeiðin eru talin upp í viðauka árskýrslunnar.

Áður en hvert námskeið hófst fengu nemendur góða kynningu á tæknimálunum. Sjá ljósmynd.



Myndin sýnir fyrirmæli sem birtust á skjám nemenda áður en námskeið hófst.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson

5. Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ársins 2020 í náms- og starfsráðgjöf náðust að fullu og tók ráðgjafi fleiri viðtöl en greiðslur fengust fyrir úr Fræðslusjóði. Farskólinn fékk úthlutað 3.669.000 kr (4.040.000 kr. 2019) frá Fræðslusjóði til ráðgjafarinnar auk viljrðis fyrir akstursstyrk upp á 127.000 kr en sá styrkur lækkaði frá árinu á undan. Sandra Hilmarsdóttir gegnir stöðu ráðgjafa hjá Farskólanum.

Samtals komu 279 einstaklingar (247 árið 2019) í ráðgjöf til Farskólans árið 2020. Innan markhópsins voru 238 einstaklingar eða 85%. Utan markhópsins voru 41 einstaklingur. Tegund viðtala skiptust þannig: Sjá töflu 4:

Tafla 4. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2020 hjá Farskólanum.

Tegundir viðtala	Fjöldi	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	48	42	6
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	88	79	9
Hvatningarviðtal	11	11	1
Hópráðgjöf	116	93	23
Hópráðgjöf (fleiri en 6 í hóp)	16	13	3

Helstu viðfangsefni – úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa til FA




„Það má með sanni segja að Covid hafi sett mark sitt á störf mín og viðfangsefni. Í apríl og maí var búið að gera ráð fyrir heimsóknnum í fjölda fyrirtækja á Norðurlandi vestra og kynna ráðgjöf, raunfærnimat. Fresta þurfti því verkefni og ekki ljóst hvenær hægt verður að fara af stað aftur. Ráðgjöf færðist að mestu leyti yfir á rafrænt form og notaði ég síma, Zoom, Teams og svo náttúrulega tölvupóst til að fylgja eftir viðtölum eða koma til skila upplýsingum. Í kjölfarið á breyttum forsendum í námi, þ.e. að allt nám færðist yfir í fjarnám og kennslu í gegnum Zoom þurftu margir nemendur á stuðningi og aukinni ráðgjöf að halda. Þetta voru gríðarlega erfiðar breytingar fyrir marga og áttu sumir nemendur mjög erfitt með að aðlagast nýrri tækni og auknu sjálfstæði í námi. Sumum þótti mjög erfitt að hafa kennarann ekki á staðnum enda var staðnám og það kennslufyrirkomulag sem er í Farskólanum oft forsendan fyrir því að fólk lét verða af því að skrá sig í nám. Ég vann því mjög náið með verkefnastjórum í námsleiðum og aðstoðaði nemendur eftir fremsta megni.

Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri.

Tölfræði vegna 2020


Af þeim 279 sem komu í ráðgjöf árið 2020 voru 185 konur og 94 karlar. Konur voru því 66%. Meðalaldur ráðþega var 36 ár. Sá elsti var 64 ára og sá yngsti var 20 ára. Flestir voru á aldrinum 25 ára og miðgildi aldurs var 33 ára.

Af þeim einstaklingum sem komu í viðtöl árið 2020 voru 40 eða 14% í leit að starfi (61 árið 2019). Þeir einstaklingar sem voru í starfi voru 158 eða 56%(113 árið 2019). Sjá nánar á mynd 9.




Mynd 9. Myndin sýnir stöðu ráðþega þegar þeir komu í viðtal til ráðgjafa árið 2020.

Þegar menntun þeirra sem komu í ráðgjöf var skoðuð kom í ljós að 57 hafa einungis lokið grunnskóla eða 20,7% (47% árið 2019). Þeir sem höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því voru 149 eða 53%. Sjá mynd 10.



Mynd 10. Myndin sýnir menntunarstöðu ráðþega árið 2020.

Dreifing búsetu þeirra sem komu í ráðgjöf árið 2020 var minni en árið á undan. Flestir komu frá Sauðárkróki eða 71%. Frá Hvammstanga komu 72 eða 26%. Sjá mynd 11.



Mynd 11. Myndin sýnir búsetu þeirra sem komu í ráðgjöf árið 2020.


6. Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um nokkur verkefni í raunfærnimati árið 2020. Samningurinn hljóðaði upp á **3.802.000 kr** (3.175.000 kr árið 2019). Við lok ársins var búið að vinna fyrir 541.500 kr og því á eftir að vinna fyrir 3.260.500 kr sem flutt verður yfir á árið 2021. Í júnílok 2021 verður ljóst hvort markmið ársins 2020 hafi náðst, þar sem Farskólinn hefur 18 mánuði til að ljúka raunfærnimatsverkefnum hvers árs. Ef markmið nást ekki endurgreiðir Farskólinn mismuninn til Fræðslusjóðs. Segja má að Covid hafi ekki hjálpað til við að vinna þessi verkefni á réttum tíma ásamt því að erfiðlega gekk að semja við matsaðila, meðal annars vegna leyfis og annarra verkefna þeirra. Sjá töflu 5.

Tafla 5. Taflan sýnir verkefni í raunfærnimati árið 2020 samkv. umsókn og fjármagn til hvers verkefnis.

Grein	Fjármagn til verkefnis
Iðngreinar í samstarfi við Iðuna	277.000 kr
